

Miðvikudaginn 20. nóvember 1968.

Nr. 46/1968. **Ríkharður Kristjánsson**
 og
Guðrún Ólafsdóttir
 (Árni Gunnlaugsson hrl.)
 gegn
Ásum h/f og til réttargæzlu
Brunabótafélagi Íslands
 (Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Krafa um dánarbætur. Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 6. marz 1968 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 200.000.00 með 6% ársvöxtum frá 2. desember 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Um kjör Kristjáns heitins Björgvinssonar sem skipverja á skipi stefnda, v/b Guðrúnu, GK 37, skyldi fara samkvæmt heildarkjarasamningi samtaka útgerðarmanna og sjómanna frá 2. febrúar 1965, en þar segir svo í 18. gr.: „Útgerðarmaður tryggir á sinn kostnað hvern þann mann, er samningur þessi tekur til, gegn öllum slysum, hvort heldur þau verða um borð eða í landi fyrir kr. 200.000.00 — tvö hundruð þúsund krónur — miðað við dauða eða fulla örorku. Gildir trygging þessi meðan viðkomandi er skráður á skipið“.

Skýra verður samningsákvæði þetta þannig, að með því hafi útgerðarmaður tekið á sig þá skyldu að vátryggja skipverja gegn slysum, en um tryggingarskilmála skyldi fara eftir lögum.

Atvikum að slysi því, sem um er fjallað í máli þessu, er rækilega lýst í héraðsdómi. Telja verður í ljós leitt, að

orsakir slyssins megi rekja til ölvunar Kristjáns heitins og stórkostlegs gáleysis hans. Samkvæmt því og með hliðsjón af reglum 124. gr. laga nr. 20/1954, sbr. 20. gr. sömu laga, varð slys þetta eigi með þeim hætti, að skylt sé að bæta það samkvæmt almennum reglum um slysatryggingar, enda er sú niðurstaða í samræmi við góðar venjur í váttryggingarmálum.

Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 30. janúar 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var mánudaginn 18. desember s.l., hafa Ríkharður Kristjánsson og Guðrún Ólafsdóttir, Kelduhvammí 9, Hafnarfirði, höfðað fyrir dómnum með stefnu, birtri 29. október 1966, á hendur Ásum h/f, Hafnarfirði, og Brunabótafélagi Íslands til réttargæzlu til heimtu bótakröfu að fjárhæð kr. 200.000.00 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 2. desember 1965 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnendur í máli þessu eru foreldrar Kristjáns Björgvins Ríkharðssonar, Kelduhvammí 9, Hafnarfirði, er drukknaði í Vestmannaeyjahöfn 2. desember 1965.

Kristján heitinn var skipverji á vélbátnum Guðrúnu, GK 37, Hafnarfirði, er slysið skeði, og skráður upp á síldveiðisamninga sjómanna og útvegsmanna frá 2. febrúar 1965. V/b Guðrún, GK 37, var gerð út af Ásum h/f, Hafnarfirði.

Stefnukrafan í máli þessu er dánarbótakrafa, byggð á 18. gr. fyrrgreindra síldveiðisamninga frá 2. febrúar 1965, en samkvæmt þeirri grein kaupir útgerðarmaður líf- og örorkutryggingu fyrir hvern þann mann, er samningurinn tekur til, og tryggir þá þannig gegn öllum slysum, hvort heldur þau verða um borð eða í landi, fyrir kr. 200.000.00 miðað við dauða eða fulla örorku. Upphæðina skal greiða aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, sbr. 18. gr.

Umrædd trygging var keypt hjá Brunabótafélagi Íslands af stefnda, Ásum h/f, og er tryggingarskírteinið gefið út 27. apríl 1965.

Af hálfu stefnda, Ása h/f, er krafizt sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr þeirra hendi að mati réttarins.

Á hendur réttargæzlustefnda, Brunabótafélagi Íslands, eru engar sjálfstæðar kröfur gerðar og engar sjálfstæðar kröfur gerðar af þess hálfu.

Málavextir eru þeir, að Kristján heitinn Ríkharðsson var á dansleik í Samkomuhúsi Vestmannaeyja nóttina, sem slysið skeði, og lenti þar í einhverjum ryskingum um það leyti sem dansleiknum var að ljúka, eða um kl. 0130 hinn 2. desember 1965. Þaðan mun hann hafa farið niður að höfninni og um borð í báta, sem þar lágu. Á þessu ferðalagi fór Kristján í sjóinn, og það síðasta, sem um hann er vitað lifandi, er það, að tveir sjómenn, sem fylgzt höfðu með þessu ferðalagi hans, sáu hann synda í sjónum í átt að einum bátnum, sem lá í höfninni. Lík Kristjáns fannst síðan í Vestmannaeyjahöfn kl. 1400 hinn 2. desember 1965.

Umræddir tveir sjómenn, þeir Gylfi Guðjónsson, bátsverji á v/b Viðey, RE 12, og Sigtryggur Vilhjálmsson, bátsverji á v/b Halkion, VE 205, gáfu skýrslu fyrir lögreglunni í Vestmannaeyjum hinn 2. desember 1965.

Gylfi segir svo í skýrslu sinni:

„Um kl. 0130 í nótt var ég staddur fyrir utan Samkomuhús Vestmannaeyja, þar sem dansleik var að ljúka. Með mér var Sigtryggur Vilhjálmsson, bátsverji á m/b Halkion, VE 205. Nokkur mannsöfnuður var þarna fyrir utan og flestir ölvaðir. Við Sigtryggur gengum síðan niður á Báraugötu, þar sem menn voru í slagsmálum. Þarna þekkti ég nokkra menn af v/b Guðrúnu, GK 37, þar á meðal var Kristján Ríkharðsson, sem var mikið ölvaður. Einnig var þarna bróðir Kristjáns, Sigurjón, sem einnig er bátsverji á v/b Guðrúnu. Bræðrunum lenti saman í slagsmálum, og virtist mér það í illu. Ég gerði tilraun til að skilja þá ásamt fleiri mönnum, sem ekki bar þó árangur. Þarna var annar maður, sem ég ekki þekkti, sem einnig lenti í handalögmálum við Kristján.

Er þetta hafði gengið nokkra stund, sáum við Sigtryggur hvar Kristján hljóp niður Báraugötu í átt að höfninni. Á þessum hlaupum sáum við Kristján kasta frá sér jakkanum. Við sáum hann alltaf af og til, þar sem hann fór í átt að Friðarhöfninni. Þegar hann kom að höfninni, fór hann um borð í báta, sem bundnir

voru í suðurgarð hafnarinnar. Yztur þessara báta var v/b Elías Steinsson, og sáum við hann fara um borð í þann bát. Okkur sýndist Kristján stökkva í sjóinn, og tókum við þá til fótanna og fórum um borð í báta, sem voru þarna skammt frá. Yztur þessara báta var v/b Kap II. Þaðan sáum við, hvar Kristján synti í sjónum í átt að v/b Elíasi Steinssyni. Ég kallaði til Kristjáns að vera rólegur, þar sem ég væri að koma. Hann anzaði mér engu. Einnig kallaði ég til Sigtryggs að ná í bjarghring, sem hann gerði. Ég stökk síðan um borð í v/b Elías Steinsson, en við það missti ég sjónar af Kristjáni og sá hann ekki meira. Þetta skeði allt í einni svipan. Ég tel óhugsandi, að Kristján hefði komizt um borð í bát eða upp á bryggju.

Við Sigtryggur dvöldum þarna í um tíu mínútur og svipuðumst eftir Kristjáni. Síðan fórum við um borð í v/b Guðrúnu og höfðum þar tal af skipstjóranum og skýrðum honum frá, hvað skeð hafði. Að því búnu fórum við til lögreglunnar.

Ég þekkti Kristján vel og er viss um, að ekki var um annan mann að ræða en hann. Ég var ekki undir áhrifum áfengis, þegar þetta skeði.

V/b Guðrún var hinum megin í höfninni, og taldi ég í fyrstu, þegar ég sá Kristján stökkva í sjóinn, að hann ætlaði sér að synda yfir höfnina og að v/b Guðrúnu.

Mér er kunnugt um, að Kristján var vel syndur“.

Hinn sjónarvotturinn, Sigtryggur Vilhjálmsson, staðfesti skýrslu Gylfa óbreytta að öðru leyti en því, að hann kvaðst ekki hafa þekkt Kristján og kvaðst ekki minnast þess að hafa séð hann, fyrr en þetta skeði.

Sigurjón Ríkharðsson, skipsfélagi og bróðir hins látna, gaf svo-fellda skýrslu sama dag:

„Í gærkvöldi var ég á dansleik í Samkomuhúsi Vestmannaeyja ásamt skipsfélögum mínum, þar á meðal bróður mínum Kristjáni. Þegar dansleiknum lauk, gekk ég eftir Vestmannabrautinni áleiðis að Bárugötunni. Á mótum þessara gatna sat Kristján fyrir mér og hljóp á mig. Ég tók þá báðum höndum framan í frakka hans og hélt Kristjáni frá mér. Við það mun frakkinn hafa rifnað. Þarna urðu nokkrar ryskingar með okkur, og duttum við báðir í götuna. Ég forðaði mér síðan frá þessu og fór um borð. Ég sá Kristján ekki meira. Okkur Kristjáni hafði sinnast smávegis á dansleiknum. Ég var lítið undir áhrifum áfengis, þegar þetta skeði“.

Niðurstaða líkskoðunar Þórhalls B. Ólafssonar, héraðslæknis

í Vestmannaeyjum, varð sú, að hinn látni hefði dáið köfnunardauða, þ. e. druknað.

Lítills háttar áverkar fundust á útlimum líksins, og telur læk'nirinn, að þeir hafi myndast við sundtök eða umbrot í höfninni, þar sem mikið er um báta og ef til vill lausa hluti.

Læk'nirinn taldi samkvæmt vottorði sínu, að dánarorsökin væri svo augljós, að ekki væri ástæða til krufningar.

Málsástæður.

Umboðsmaður stefnenda segir svo í greinargerð sinni:

„Eins og sjá má af framangreindum atvikum að slysinu, er hér um ótvírætt slysatilfelli að ræða. Kristján heitinn hefur vafalaust ætlað um borð í v/b Guðrúnu, sem hann var háseti á, en þar sem hann er í æstu skapi eftir átökin uppi í bænum, gætir hann ekki að sér sem skyldi og tekur skakka leið um borð í bátinn. Önnur atvik gátu einnig mjög auðveldlega leitt til þess, að Kristján fór ekki rétta leið um borð. Um þetta leyti er dimmt af nóttu og ekki auðvelt að átta sig á afstöðunni, sízt fyrir utanbæjarmann, vafalaust lítið kunnugan. Þetta leiðir til þess, að Kristján lendir um borð í bátum, sem liggja í höfninni andspænis v/b Guðrúnu og nokkurn spöl frá henni. Allt virðist benda til þess, að Kristján hafi ekki áttað sig á því fyrir en of seint, að hann væri ekki á réttri leið og hann ekki getað stöðvað sig á ferð sinni yfir bátana, þegar hann kom að yzta bátnum, og því fallið í sjóinn. Því er af gefnu tilefni algerlega mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að Kristján heitinn hafi stokkið í sjóinn eða ætlað að stytta sér aldur, enda bendir það atferli hans síðar, þegar hann er að reyna að synda að bátnum, sem hann féll útbyrðis af, eindregið til hins gagnstæða. Vitnin, sem fylgdust með ferðum Kristjáns, höfðu ekki neina aðstöðu til þess að greina hreyfingar hans nákvæmlega, þegar hann féll fyrir borð.

Hér er því tvímælalaust um hreint slysatilfelli að ræða, sem veldur dauða. Leiðir því af 18. gr. fyrrgreinds síldveiðisamnings, að stefnendur máls þessa, sem eru foreldrar Kristjáns heitins, eiga rétt á greiðslu þeirra dánarbóta, sem út af er stefnt í málinu. Kristján heitinn var barnlaus og ógiftur.

Til vara er bótaréttur umbj. minna á því byggður, að jafnvel þótt svo yrði litið á, að Kristján heitinn hafi átt nokkra eða alla sök á umræddu slysi, þá á það ekki að firra umbj. mína rétti til dánarbótanna. Í umræddri 18. gr. eru engir þeir fyrirvarar, sem takmarki bótaskylduna, þegar slysið á annað borð hefur orðið.

Loks skal bent á, að Tryggingastofnun ríkisins hefur fyrir sitt

leyti greitt fullar dánarbætur vegna slyss þessa, sbr. rskj. nr. 6, og er það atriði út af fyrir sig röksemd fyrir réttmæti kröfu þeirrar, sem málssókn þessi fjallar um“.

Stefndu telja hins vegar, að þarna hafi ekki verið um slys að ræða í skilningi bótaréttar.

Í viðkomandi vátryggingarskilmálum er slys skilgreint sem „skyndilegur utanaðkomandi atburður, sem veldur meiðslum á líkama tryggða og gerist sannanlega án vilja hans“.

Telja stefndu, að ekki hafi verið um slys að ræða, enda sé ljóst, að hinn látni hafi viljandi valdið vátryggingaratburðinum og nægi það til sýknu, en vitna jafnframt til ákvæðis í tryggingarskilmálum, þar sem segir, að félagið bæti ekki slys, sem tryggði verður fyrir undir áhrifum áfengis, nema sannað sé, að ekkert samband hafi verið milli ástands tryggða og slyssins.

Einnig vitna stefndu til ákvæðis tryggingarskilmálanna, sem undanþiggja félagið bótaábyrgð vegna slyss, sem verður vegna stórkostlega vítaverðs gáleysis tryggða.

Telja stefndu fullsannað, að bæði þessi ákvæði eigi við umrætt slys.

Enn fremur benda stefndu á, að í tryggingarskilmálunum er tekið fram, að tryggingin nái eingöngu til slysa, er hinir tryggðu verða fyrir í þjónustu útgerðarmanns skips þess, er um er að tefla, og verða um borð í skipinu eða við störf í landi á þess vegum (atvinnuslysatrygging), þar með talin ferð á beinni leið frá heimili til skips og frá skipi til heimilis.

Telja stefndu, að einnig þetta ákvæði firri félagið bótaábyrgð í því tilviki, er hér um ræðir.

Stefnendur mótmæla því sem fráleitu, að um sjálfsmorð hafi verið að tefla. Ekkert bendi til þess, að hinn látni hafi stuðlað að atburðinum vitandi vits, hann hafi einmitt reynt að koma í veg fyrir atburðinn og bjarga sér frá drukknun.

Fráleitt sé að byggja á þeim framburði vitna, að hinn látni hafi stokkið fyrir borð. Það sé ekki hægt að greina atburði svo nákvæmlega á svo löngu færi, að unnt sé að segja um, hvort maður stekkur eða fellur.

Í þessu efni telja stefnendur, að sönnunarbyrðin hvíli á stefndu.

Stefnendur telja, að fyrrgreind ákvæði tryggingarskilmálanna um takmörkun bótaskyldu standist ekki, hvorki hin almennu né sérstöku, allra sízt gagnvart þriðja manni, sem ekki veit um skilmálana, en það telja stefnendur, að hinn látni hafi ekki vitað. Útgerðarmanni skipsins hafi verið skylt að kaupa tryggingu sam-

kvæmt 18. gr. fyrrgreinds kjarasamnings. Umrædd ákvæði tryggingarskilmálanna séu bersýnilega andstæð ákvæðum 18. gr. samningsins, en þar séu fortakslaus ákvæði um, að útgerðarmaður kaupi tryggingu fyrir öllum slysum og hafi útgerðarmaður ekki heimild til að semja um tryggingarskilmála, sem séu hinum tryggða skipverja í óhag. Vitna stefnendur til 7. gr. laga nr. 80/1938 og 6. og 7. gr. laga nr. 16/1958. Einnig vitna stefnendur til viðurlagaákvæðis 124. gr. laga nr. 20/1954.

Álit réttarins.

Rétturinn lítur svo á, að atburður sá, sem mál þetta er risið út af, falli undir hugtakið slys, þar sem ósannað sé, að um sjálfsmorð hafi verið að ræða.

Samkvæmt 18. gr. fyrrgreinds kjarasamnings bar útgerðarmanni að tryggja á sinn kostnað umræddan starfsmann sinn „gegn öllum slysum, hvort heldur þau verða um borð eða í landi“.

Kemur þá fyrst til álita, hvernig túlka beri umrætt samningsákvæði, þ. e. athuga nánar, hvers konar tryggingu útgerðarmanninum hafi borið að kaupa og hverja fyrirvara honum hafi verið heimilt að semja um við tryggingafélagið.

Telja verður, að útgerðarmanninum hafi borið að kaupa venjulega slysatryggingu með venjulegum skilmálum.

Ef um vanefnd væri að ræða af hálfu útgerðarmannsins á þeirri samningsskyldu, t. d. að hann hefði samið um óvenjulega eða óeðlilega fyrirvara til takmörkunar á bótaábyrgð tryggingafélagsins, kynni honum að bera skylda til að greiða tjónþola bætur, þótt tryggingafélagið væri ekki bótaskyldt vegna umsáttinnar takmörkunar á ábyrgð sinni.

Nú er að athuga skilmála þá, er útgerðarmaðurinn, Ásar h/f, samdi um við Brunabótafélag Íslands, á hvaða fyrirvara í þeim skilmálum kunnir að reyna í máli þessu og hvort útgerðarmaðurinn með því að semja um þá hafi brotið samningsskyldu sína samkvæmt 18. gr. kjarasamningsins og eins hvort þeir fyrirvarar kunnir að brjóta í bága við lög, en þá yrðu þeir ógildir.

Í 1. gr. umræddra skilmála segir:

„Félagið greiðir bætur vegna slyss, sem tryggði verður fyrir, eins og segir í skirteini þessu.

Með orðinu *slys* er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama tryggða og gerist sannanlega án vilja hans“.

Í niðurlagi hins tilvitnaða ákvæðis er þannig gert ráð fyrir, að

sönnunarbyrðin hvíli á váttryggðum, þ. e. þeim, er krefur félagið um bætur.

Þykir þessi fyrirvari ganga óhæfilega langt.

Frjálst sönnunarmat er aðalregla í íslenskum rétti. Það virðist augljóst, enda í samræmi við íslenska og norræna dómiðkun, að sönnunarbyrðin fyrir því, að váttryggingaratburðurinn hafi gerzt, hvíli á váttryggðum, en vilji félagið bera fyrir sig 18. gr. váttryggingarsamningslaganna eða fyrirvara, er ganga í sömu átt og sú grein, hvílir sönnunarbyrðin á því.

Eins og fyrr greinir, segir í 3. grein, b-lið, skilmálanna, að félagið bæti ekki „slys, sem tryggði verður fyrir í handalögmáli, við þátttöku í glæpsamlegum verknaði eða undir áhrifum áfengis, nema sannað sé, að ekkert samband hafi verið milli ástands tryggða og slyssins“.

20. gr. váttryggingarsamningslaganna hljóðar svo:

„Eigi verður, svo gilt sé, samið svo um, að félagið skuli laust úr ábyrgð, er því, að váttryggingaratburðurinn gerðist, hefur verið valdið af vangá, er ekki verður talin stórkostleg.“

Ákvæði þetta er því þó eigi til fyrirstöðu, að samið sé um það, bæði að félagið skuli leyst úr ábyrgð, er váttryggður hefur valdið váttryggingaratburðinum í öläði, er honum verður sjálfum gefin sök á, að félagið megi draga allt að 5% frá bótum, er váttryggingaratburðurinn stafar frá vangá, er eigi verður talin stórkostleg“.

Tilvitnaður fyrirvari í 3. gr. skilmálanna er í nokkru ósamræmi við þessa lagagrein, en hún verður að teljast ófrávikjanleg, sbr. 3. gr. sömu laga, og verður því að túlka fyrirvarann, þ. e. þau atriði hans, er á reynir í máli þessu, í samræmi við umrædda 20. grein. Félagið hafði þannig eingöngu heimild til að undanþiggja sig ábyrgð, um að „öläði“ væri að ræða. Hafna verður þeirri sönnunarreglu, er sett er í fyrirvaranum, þar sem hún þykir ganga allt of langt.

Sé fyrirvarinn túlkaður með þessum takmörkunum, þykir útgerðarmaðurinn ekki hafa brotið skyldu sína samkvæmt 18. gr. kjarasamningsins gagnvart starfsmanni sínum, þótt hann semdi um greindan fyrirvara, er þá telst venjulegur og ekki óeðlilegur.

Kemur þá til álita, hvað orðið „öläði“ merkir.

Dönsku lögin nota orðið „beruselse“, en að öðru leyti er 20. gr. beggja laganna samhljóða. Samkvæmt almenntri málvenju má því ætla, að 20. gr. íslenskku laganna eigi við allmiklu hærra stig

ölvunar en sama grein dönsku laganna, en aðrar leiðbeiningar um skilning á tilvitnuðu orði verða ekki fundnar.

Að öðru leyti virðist forsenda þess, að 20. gr. laga nr. 20/1954 verði beitt og þar með umræddum fyrirvara, sú, að a. m. k. gálaus verknaður hafi verið orsök tjónsins.

Mundi þar vera um hlutlægt gáleysismat að ræða, burt séð frá ástandi tjónþola (þ. e. subjektivu mati).

Sönnunarbyrðin fyrir því, að um ölæði hafi verið að ræða, hvílir á félaginu. Enn fremur virðist félagið bera sönnunarbyrði fyrir því, að ölæðið hafi verið orsök atburðarins.

Það yrði ekki talið nægilegt, þótt ölæðið teldist ein af orsökum atburðarins, heldur yrði það að vera veruleg orsök, þ. e. telja meg, að atburðurinn hefði ekki orðið, ef um ölæði hefði ekki verið að ræða.

Hins vegar yrði tæpast, þegar sannað er, að atburðinum var valdið af tryggðum og að hann var ölóður, talið, að ríkra sannana verði krafizt af félaginu fyrir því, að ölæðið hafi verið orsök atburðarins.

Dönsk dómvenja virðist a. m. k. ekki benda til þess.

Einnig kynni 51. gr. váttryggingarsamningslaganna að eiga hér við, þ. e., að ölæði, er tjónþoli á sjálfur sök á, yrði talið brot á varúðarreglum.

Váttryggður yrði sjálfur talinn eiga sök á ölæði sínu, hafi hann viljandi innbyrt það magn af vínanda, er hann vissi eða mátti vita, að hann yrði ölóður af.

Hvað snertir efri mörk þess ölvunarstigs, sem átt er við með orðinu ölæði í 20. gr., virðist ljóst, að hugtakið falli ekki undir pathologískan rús.

Hann yrði talinn geðtruflun um stundarsakir, sbr. 19. gr. laga nr. 20/1954.

Niðurstöður.

Fyrirvari sá, er settur er í 3. gr., b-lið, umræddra slysatryggingarskilmála, þykir ekki fara í bága við 18. gr. umrædds kjarasamnings útvegsmanna og sjómanna, sé hann túlkaður í samræmi við 20. gr. laga nr. 20/1954, enda ógildur að því leyti sem hann gengur lengra en nefnd lagagrein.

Með hliðsjón af framburði vitna og þegar öll gögn málsins eru virt, þykir umræddur fyrirvari eiga við í máli þessu.

Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnenda í máli þessu.

Rétturinn telur þau vafaatriði í málinu, að rétt sé, að hvor

aðilja beri málskostnað sinn. Uppkvaðning dóms þessa dróst vegna veikindaforfalla eins dómenda.

Dóm þennan kvað upp Már Pétursson, fulltrúi bæjarfógeta, ásamt meðdómsmönnum Jónatan Sveinssyni skipstjóra og Þorsteini Einarssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Ásar h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Ríkharrs Kristjánssonar og Guðrúnar Ólafsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 25. nóvember 1968.

Nr. 137/1968. **Matarbúðin h/f og Elís Árnason**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

**Félagi íslenzkra kjötiðnaðarmanna
og gagnsök**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögbannsgerð felld úr gildi. Iðnaður. Félagsdómur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 2. ágúst 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. júlí s. á., og krefjast þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og lögbannsgerð sú, er í málinu greinir, verði úr gildi felld og svo að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað i héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 22. ágúst 1968 og gerir þær dómkröfur:

Að aðaláfrýjanda Matarbúðinni h/f verði dæmt óheimilt að láta aðaláfrýjanda Elís Árnason starfa að kjötvinnslu í